

Stjórnarfundur Síldarminjasafnsins, 19. desember 2023

kl. 17:00 í Bátahúsinu.

Mættir: Sigríður Ingvarsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Gunnar Júlíusson, Anita Elefsen safnstjóri og Örlygur Kristinnsson.

Guðmundur fundarstjóri setur fund og gengið til dagskrár:

1. Breyting á skipulagsskrá safnsins, Örlygur reifar málið

Í 13. grein skrárinnar er kveðið á um að ársfund sem stjórn Síldarminjasafnsins kynni reikninga og starfsemi safnsins frá fyrra ári fyrir félagsmönnum FÁUM, bæjarstjórn Fjallabyggðar og öðrum sem hann vilja sækja. Einnig séu þar kynntir nýir stjórnarmenn sé um það að ræða. Þessir ársfundir hafa ekki verið sóttir af neinum nema forsvarsmönnum safnsins og því tilgangslausir. Breytingartillagan er þá svona:

Ársreikningur og ársskýsla Síldarminjasafnsins frá fyrra ári skulu lögð fyrir stjórn til samþykktar á ársfundi stofnunarinnar, sem alla jafna skal fara fram fyrir maílok ár hvert. Samþykktur ársreikningur og ársskýsla eru í kjölfarið birt á vefsíðu Síldarminjasafnsins, auk þess sem þar er tilkynnt um val á stjórnarmönnum sé kjörtímabil þeirra á enda. Stjórn Síldarminjasafnsins skal skylt að veita stofnendum sérstaka skýrslu eða skýringar varðandi einstaka þætti starfseminnar samkvæmt beiðni þar um og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint frá þessum aðilum, eftir því sem unnt er.

Tillagan samþykkt og er safnstjóra falið að kynna breytinguna fyrir Safnaráði og leita eftir samþykki þess.

2. Flóða- og tjónamál í Njarðarskemmu, Anita kynnir málið

Það hefur komið fram á fyrri fundum safnstjórnar að vatnstjón í Njarðarskemmu fellur ekki undir tryggingar safnsins. Einnig að Náttúruhamfaratrygging Íslands samþykkti ekki bótaskyldu. Þá hefur Ofanflóðasjóður hafnað orsakasamhengi milli framkvæmda í fjallinu við margendurteknum flóðum hér á safnlóðinni.

Lýsir safnstjóri óánægju sinni með að hafa ekki náð sambandi við fulltrúa Ofanflóðssjóðs sem voru hér á ferð í sumar og telur að skýrsla frá sjóðnum alls ófullnægjandi og byggða á röngum upplýsingum.

Rætt nokkuð um hvað sé til ráða af hálfu safnsins. Safnstjóra falið að hafa samband við Ofanflóðasjóð (Sigurður Hlöðvesson nefndur sérstaklega) og óska eftir nýju mati. Einnig var rætt um jarðvegsskriðu ofan við Bátahúsið sem torveldar útgöngu um neyðardyr. Sigríður bæjarstjóri, fulltrúi Fjallabyggðar í stjórninni, býðst til að taka málið í sínar hendur.

3. Safnstjóri leggur fram til kynningar verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir 2024.

a) Listi yfir fjölþætt brýn verkefni lögð fram. Þar eru helstu þættir: Vinna við safnkost, skráning og möguleg förgun. Vinna við ljósmyndasafn. Framkvæmdir við Salthúsið. Viðhald safnhúsa og útilistaverks. Viðburðir og námskeið – og mörg önnur fagleg viðfangsefni sem of langt mál væri upp að telja en vísað á fylgigögn fundarins sem varðveitt eru í skjalasafni.

b) Fjárhagsáætlun 2024. Hér má einnig vísa í fylgiskjal með skilgreiningu á tekjum og rekstri. Kostnaður við rekstur er áætlaður um 104 millj. kr. en við verkefni tæplega 67 millj. kr. – samtals 170,800,000,- kr. Tekjur eru áætlaðar 116,800,000.- kr. Áætlað er að brúa millið milli tekna og gjalda með lántöku hjá banka til að flyta fyrir framkvæmdum við Salthúsið.

4. Gestatölur 2023 og horfur fyrir 2024

a) Safnstjóri segir frá því að gestafjöldi hafi aldrei verið meiri en nú á árinu sem er að líða. Á síðasta voru gestir tæplega 30.000 en nú er gestatalan að nálgast 35.000 sem þýðir tæplega 17% aukningu!

b) Tekjur af rekstri aukast í samræmi við fjölgun gesta eða um 17%. Árið 2022 - 59,5 mkr. Árið 2023 – um 69,6 mkr.

c) Bókunarstaðan fyrir 2024 er mjög góð. Gestir í hópum bókaðir alla daga frá miðjum apríl og fram í október.

5. Fjármögnunarmöguleikar vegna framkvæmda

Safnstjóri segir fundinum frá því að hún hafi átt samtöl við banka og lánasjóði vegna mögulegrar lántöku safnsins vegna framkvæmda við Salthúsið á næsta ári. Þar kemur helst til greina að semja við Arionbanka eða Byggðastofnun. Lagðar fram upplýsingar um vexti og verðtryggingar og því um líkt. Áður en málið verður tekið aftur fyrir hjá safnstjórn ætlar Anita að athuga nánar áhuga Íslandsbanka á málinu. Vænst er frekari upplýsinga og tillögu frá safnstjóra áður en langt um líður.

Fleira ekki gert – fundi slitið um kl. 18.30.